



Námskrá árgangur 2017

Skólaárið 2021-2022

Klettur:

Deildarstjóri: Stefanía Sól Sveinbjörnsdóttir
Símanr. 433-1273

Efnisyfirlit

Áhersluatriði skólaárið 2020-2021	4
Dagskipulag	5
Verkefni dagsins:	5
Mánudagur	5
Frjáls leikur – Myndlist/stærðfræði	5
Þriðjudagur	5
Ferðadagur - Gönguferð	5
Miðvikudagur	6
Jóga og frjáls leikur	6
Fimmtudagur	6
Lubbi og frjáls leikur	6
Föstudagur	6
Ævintýraferð	6
Verkefni vetrarins	6
Leikurinn	6
Flæði	6
Stjarna vikunnar	7
Bókaormur	7
Orðspor	8
Læsi	8
Lubbi	9
Numicon stærðfræðikubbar	9
Jóga	9
Umhverfismennt	10
Moltun með ormum:	10
Listsköpun	10
Hús úr húsi, ég og bærinn minn	11
Sjálfbærni	11
Hreyfing /Útivera	11

Vettvangsnám/útikennsla - Ævintýraferðir	11
Samstarf við aðra leikskóla	12
Samverustundir.....	12
Árstíðarbundin verkefni.....	13
Vökudagaverkefni.....	13
Tannverndarvika.....	13
Jólaverkstæði	13
Gamli tíminn	13
Lýðræðisleg vinnubrögð	14
Lífsleikni	14
Sólblómaleikskóli.....	14
Máltíðir.....	15
Hreinlætisvenjur	15
Fataherbergi.....	16
Foreldrasamstarf.....	16
Veikindi	16
Leikföng að heiman	17
Praktísk atriði sem gott er að hafa í huga:.....	18

Áhersluatriði skólaárið 2020-2021

- ❖ Leikur
- ❖ Virðing og vinátta
- ❖ Efla sjálfsmynd, sjálfstæði og félagsþroska.
- ❖ Efla úthald og einbeitningu
- ❖ Markviss málörvun
- ❖ Jóga
- ❖ Umhverfismennt
- ❖ Útinám
- ❖ Hreyfing
- ❖ Sköpun
- ❖ Lýðræðisleg vinnubrögð
- ❖ Efla sjálfbærni
- ❖ Vekja áhuga á læsi
- ❖ Vekja áhuga á stærðfræði
- ❖ Lífsleikniverkefni
- ❖ Efla námshæfni
- ❖ Umferðareglur

Verkefni sem við ætlum m.a. að vinna í vetur;

- Hús úr húsi – Hvar á ég heima?
- Stjarna vikunnar
- Markviss málörvun (Lubbi finnur málbein)
- Sólblómaverkefnið
- Vökudagar
- Samstarf við aðra leikskóla
- Lífsleikni – Kátir krakkar
- Alþjóðavika
- Gamli tíminn/Þorrinn (eftir áramót)
- Tannverndarvika

- Bókaormur
- Jólaverkstæði
- Orðspor

Dagskipulag

- Kl 7.30 Leikskólinn opnar á kletti og Læk
- Kl 7.45 Deildir opna
- Kl 8.00 Morgunverður , Leikur
- Kl 9.40 Morgunsamvera
- Allir boðnir velkomnir
 - Farið yfir hvaða dagur er í dag.
 - Farið yfir skipulag dagsins.
 - Veðurfræðingur
 - Allir fá ávexti
- Kl 10.00 Verkefni dagsins/Frjáls leikur/Flæði
- Kl 11.00 Samvera - Leikir - Söngur - Lestur - Lubbi
- Kl 11.30 Hádegisverður
- Kl 12.10 Hvíld
- Kl 13.00 Útivera
- Kl 14.30 Kaffitími
- Kl 15.15 Lestrastund
- Kl 15.40 Frjáls leikur/útivera
- Kl 16.30 Leikskólinn lokar

Verkefni dagsins:

Mánudagur	Frjáls leikur – Myndlist/stærðfræði
Þriðjudagur	Ferðadagur - Gönguferð

Miðvikudagur	Jóga og frjáls leikur
Fimmtudagur	Lubbi og frjáls leikur
Föstudagur	Ævintýraferð

Hafa ber í huga að dagskipulagið er viðmið og dagskráin getur breyst. Ástæðurnar geta verið margar t.d. Veikindi starfsfólks, önnur verkefni, veðrið o.s.frv.

Verkefni vetrarins

Leikurinn

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Við leggjum áherslu á að gefa leiknum tíma og leitumst við að skapa umhverfi og aðstæður þar sem börnin geta þróað leiki sína. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins, í gegnum leikinn vinna börnin úr reynslu sinni, hugsunum og tilfinningum. Við hvetjum börnin til að sækja sjálf það sem þau þurfa í leikinn og ganga frá eftir sig. Frjálsi leikurinn fær gott rími í dagskipulaginu og leggjum við mikið upp úr því að börnin læri að una sér í leiknum, máta sig í ýmis hlutverk og vinna úr reynslu sinni. Í gegnum leikinn æfa börnin sig í að leysa úr ágreiningi og miðla málum.

Flæði

Flæði í leikskólum birtist með því að fanga áhuga barnsins í verkefni sem það velur sér sjálft að sinna. Verkefnið hefur einhverja þýðingu fyrir barnið og það helgar verkefninu tíma sinn og engir utanaðkomandi þættir trufla einbeitingu barnsins. Starfsfólk leikskólans spilar stóran þátt í því að barnið nái að upplifa flæðið. Það er þeirra að skapa réttu aðstæðurnar og möguleikanna til að börnin nái því. Starfsfólk þarf að vera þátttakendur í því að gefa athöfnum gildi með því að vera meðvitað um að einbeita sér og veita athöfnum barnanna athygli. Það er starfsfólksins að vera vel vakandi yfir hvaða verkefni vekja athygli. Til að fá barn með í verkefni þarf það að vera áhugavert og viðkomandi starfsmaður þarf líka að vera tilbúinn að breyta út frá fyrirfram ákveðnum verkefnum og geta fylgt því sem börnin hafa áhuga á að gera.

Stjarna vikunnar

Á föstudögum er eitt barn útnefnt stjarna vikunnar. Stjarnan fer heim með bangsa (plastað spjald með mynd af hvolpi vegna covid) yfir helgi og skilar honum aftur í leikskólann á mánudegi. Bangsanum fylgir bók þar sem foreldrar skrá upplifanir barnsins með bangsanum yfir helgina. Stjarnan kemur svo með bókina í leikskólann á mánudeginum og þá er sagan lesin fyrir öll börnin og við fræðumst um ævintýri þeirra saman yfir helgina. Á þriðjudag er tekið viðtal við barnið en í viðtölunum munum við nota sömu spurningar fyrir alla.

1. Hvar áttu heima?
2. Hvenær áttu afmæli?
3. Hvað er uppáhalds lagið þitt?
4. Hver er uppáhalds liturinn þinn?
5. Hver er uppáhalds maturinn þinn?
6. Hefur þú einhvern tímann orðið rosalega, rosalega reið/ur?
7. Hefur þú einhvern tímann hjálpað einhverjum?
8. Hvar ætlar þú að vinna þegar þú verður stór?

Viðtalið er svo hengt upp fyrir foreldra. Á fimmtudögum fær stjarnan að koma með leikfang að heiman í leikskólann. Stjarna vikunnar er hugsað sem samstarf á milli heimilis og leikskóla. Stjarna vikunnar á að vera skemmtileg og alls ekki kvöð á foreldrum. Oft er betra að skrifa minna en meira í bók bangsans þar sem úthaldið í að hlusta er ekki alltaf mikið, það er alltaf gaman að fá myndir af stjörnunni með bangsanum, en það er alls ekki skylda.

Bókaormur

Hvert barn fær titilinn „Bókaormur vikunnar“ eina viku í senn. Hlutverk bókaormsins felst í því að barnið velur, með aðstoð foreldra, bók sem það á heima eða fær lánaða á bókasafni. Bókin er lesin fyrir barnið heima og sagan rædd svo barnið þekki hana ágætlega (gott er að lesa sömu söguna alveg 3x yfir vikuna). Foreldrar og barn finna einnig eitt-tvö orð sem barnið skilur ekki. Foreldrar og barn

hjálpast að við að finna útskýringu á því. Einu sinni í viku ætlum við að hafa bókakynningu þar sem barnið kemur með bókina í leikskólann og segir frá bókinni í samverustund. Við lesum bókina svo fyrir deildina og í kjölfarið og bókin skráð í stóran bókaorm sem við ætlum að fylgjast með vaxa á veggnum okkar.

Bókaormur vikunnar fær einnig það hlutverk að fylgjast með bókakörfunni okkar inni á deild; velja í hana nýjar bækur og skila gömlu fram.

Orðspor

Við í Akraseli ætlum að vinna með orðasafn mánaðarins. Við búum til fótafar og setjum orð og mynd þar í og festum þau á gólfið. Þar eru orðsporin sýnileg fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum þar sem þau vekja vonandi upp umræður um orðin. Foreldrar hjálpa börnunum að velja orðin úr bókinni sem þau lesa í tengslum við bókaorminn.

Læsi

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að læsi sé forsenda lýðræðis í samfélagi þar sem einstaklingar þurfa að hafa skoðanaskipti og upplifa sig sem áhrifavalda. Góður grunnur í málþroska og læsi er líklega sterkasta vopnið sem hver og einn hefur til þess að auka tækifæri sín. Í Akraseli nýtum við nærveru og samvinnu til þess að styrkja þekkingu, leikni, upplifun, tilfinningar, skoðanir og hæfni til að lesa í umhverfi sitt. Við gerum einnig tilraunir með tölur, stafi, upplýsingatækni, lestur og Jóga. Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem býr þau m.a. undir lestrarnám seinna meir. Hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) er gjarnan notað yfir það ferli sem á sér stað á þessum árum. Það felur í sér að ákveðin þekking, færni og viðhorf þróast í nánum tengslum við það mál- og læsisumhverfi sem við bjóðum upp á í leikskólanum. Í leikskólanum eru allir þættir málsins örvaðir. Okkar leiðir til að efla læsi eru m.a.:

- Markviss málörvun (Lubbi finnur málbein, lestur, samverustundir, spil ofl)
- Stafapækking (kenna börnum að þekkja nafnið sitt og aðra bókstafi)
- Umræður
- Lestur-loðtöflusögur
- Tónlist-söngur

Akrasel tekur þátt í þróunarverkefni um læsi ásamt öllum leikskólum á Akranesi.

Lubbi

Námsefni Lubba eflir hljóðkerfisvitund barna. Lubba „verkefnin“ eru fólgin í því að hjálpa Lubba að finna málbein. Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur að gelta og þá heyrir „voff - voff.“ En Lubba langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Hann hefur örugglega frá mörgu að segja. Til að ná því marki þarf hann að leysa ýmsar skemmtilegar þrautir í Hljóðasmiðju Lubba, t.d. að mynda máhljóðin alveg rétt og tengja þau saman, klappa atkvæði, ríma, leita uppi bókstafi, raða málbeinum saman í orð, lesa orðin og svara skemmtilegum spurningum. Hann þarf örugglega á aðstoð að halda.

Numicon stærðfræðikubbar

Numicon eru ensk stærðfræðinámsgögn og námsefni sem eru byggð á hugmyndum Montessori, Stern og Cuisenaire. Námsgögnin eru fjölskynja og gefa nemendum m.a. tækifæri á að sjá hvernig mynstur stærðfræðinnar lítur út, þekkja tölur sem heild, sjá gildi þeirra og finna út fjölda án þess að telja. Börnin tengja þannig saman með sjónrænum hætti viðfangsefni stærðfræðinnar. Allt þetta er gert til að efla grunnskilning og að nemendur fái jákvæðar forhugmyndir um stærðfræðina.

Jóga

Leikskólinn Akrasel leggur áherslu á jóga með börnum. Við erum með skipulagðar jógastundir. Í þessum stundum fara börnin í jógaleiki, slökun og fá e.t.v. nudd frá hvert öðru. Með slíkri nánd skapast öryggi milli barnanna og því minni líkur á árekstrum á meðal þeirra. Jóga er alhliða lífsspeki sem stuðlar að samtengingu líkama og hugar. Jógaástandun með börnum miðar að því að þau viðhaldi meðfæddum liðleika, byggi upp styrk og auki sveigjanleika, jafnvægi, einbeitningu, auk þess að stuðla að spennulosun og innri ró. Æfingar eru fléttaðar inn í leiki og sögur eða þeim

búin umgjörð sem börnunum þykir áhugaverð og skírskotar til reynsluheims þeirra. Þrír áhersluþættir eru í jóga:

- Öndun
- Snerting
- Slökun

Umhverfismennt

Leikskólinn Akrasel leggur áherslur á umhverfismennt og er grænfána skóli. Markmið leikskólans eru að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar og upplifi af eigin raun og læra að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Umhverfismenntun tvinnast saman við endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem felst m.a. í flokkun og endurnýtingu. Við moltum allan ávaxta- og brauðúrgang.

Moltun með ornum:

Við erum komin með orma sem kallast haugánar (e. Red wiggler), og hafa lengi fundist í íslenskri náttúru. Þeim líður best í hita yfir 10 gráðum og hafa fundist á hitasvæðum, til dæmis á Flúðum og í Borgarfirði.

Ormarnir eru fóðraðir á stórum hluta þess sem fellur til frá leikskólanum, til að mynda grænmeti, kaffi, tei, eggjaskurn og sumum ávöxtum. „Þeir vilja ekki sítrusávexti og það þýðir lítið að gefa þeim lauk og hvítlauk. Þessi hluti fóðursins er kallaður græni hlutinn. Til viðbótar þurfa þeir brúnan hluta, en hann kemur úr pappír og laufblöðum sem við söfnum úr nágrenninu. Þeir borða dagblöð, eggjabakka og alls konar pappír sem ekki er með plasti eða öðrum efnum. Þeir borða ekki sjálfan matinn heldur örverurnar sem vaxa á matnum. Þeir tæta þetta í sig og framleiða fínustu moltu.“ Hver deild er með kassa inni á deildum hjá sér með orma og verða að passa að gefa þeim að borða reglulega.

Listsköpun

Listsköpun er mikilvægur þáttur í þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, þeirri gleði og tjáningu sem því fylgir, útkoman sjálf er ekki það sem skiptur mestu máli. Lögð skal áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið, geri tilraunir og þjálfji upp færni sem leiðir af sér að börnin verði sjálfstæð og viss um eigin getu.

Hús úr húsi, ég og bærinn minn

Með verkefninu er nær umhverfi barnanna skoðað. Vettvangsferðir verða farnar að heimilum barnanna, þar sem tekin er mynd af barninu fyrir framan húsið sitt. Einnig eru helstu kennileiti bæjarins skoðuð og mynduð og þau færð inn á bæjarkortið sem við höfum upp á vegg á litla Kletti. Við munum vinna með hús/byggingar á margvíslegan hátt m.a. í myndsköpunar, kubba,- og stærðfræðiverkefnum.

Verkefnið eykur þekkingu barnanna á umhverfi sínu, bænum sínum og heimilisföngum. Þau gera sér betur grein fyrir fjarlægðum og læra að staðsetja vini sína.

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Í Akraseli eru umhverfismennt og sjálfbær þróun hluti af mörgum markmiðum skólans. Mikilvægt er að kenna börnum virðingu fyrir umhverfinu sínu og náttúru. Við leggjum áherslu á uppgötvunarnám og gefum börnum kost á fjölbreytileika í leik og námi. Skilningur, gagnrýn hugsun, ferli og hringrás náttúrunnar eru grundvöllur þess að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig eflum við skilning barnsins á samspili umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.

Hreyfing /Útivera

Við förum a.m.k. einu sinni út á dag og er það yfirleitt eftir hádegi.

Einu sinni í viku fara öll börn í jógatíma. Í hverri viku er áætlað að fara í eina gönguferð, við leggjum af stað um klukkan 9.30. Við förum yfir umferðareglurnar í þessum ferðum.

Vettvangsnám/útikennsla - Ævintýraferðir

Útikennsla fer fram utan skólastofunnar og getur falið í sér margt í senn. Í henni er fjallað um viðfangsefnið á faglegan hátt, en jafnframt lögð áhersla á persónulega upplifun nemendanna og að þeim gefist tækifæri til að nota öll skilningarvitin við námið.

Útikennslan höfðar til margra greindarþátta, til dæmis umhverfis og náttúrugreind, og á því að henta lang flestum nemendum. Markmið vettvangsnáms eru margvísleg. Stór þáttur í útinámi er að taka áhættu og takast á við ögrandi hreyfingar. Upplifun í

náttúrunni er að geta fyllt vitin af fersku lofti, greina angan af gróðri og hlusta á hljóðin sem heyrast frá umhverfinu. Þannig kynnast nemendur náttúrunni og þeirri menningu og samfélagi sem þeir búa í. Einnig er aukin hreyfing barna mikilvæg, þar sem þau fá meira þol og betri hreyfifærni. Nemendur öðlast betri félagsfærni, í vettvangsnámi þurfa börnin að vera samferða og passa hvert upp á annað. Námið eru í miðju atburðanna, börnin læra um lýðræðisleg vinnubrögð, að eiga samskipti hver við annan og taka ábyrgð. Annar kostur er sá að skilningur nemenda á náttúrunni, vísindum og umhverfi eykst. Tekist er á við fjölbreytileg verkefni við raunverulegar aðstæður. Aukin einbeiting og ró eftir hressandi útiveru í fersku lofti og betri tengsl nemenda við viðfangsefnin vegna fjölbreyttari kennslu og námsaðferða eru einnig góðir kostir. Mikilvægt er að börnin hafi meðferðis klæðnað og skófatnað sem hentar veðri hverju sinni. Betra að hafa meira en minna.

Samstarf við aðra leikskóla

Við heimsækjum lóðir hinna leikskólanna reglulega yfir vetrartímann og leikum þar. Á vorin hafa árgangarnir hittst á einum leikskóla og leikið saman og haldið árgangamót en vegna covid hafa heimsóknirnar minnkað en við erum bjartsýn á að ná meira samstarfi í ár en í fyrra.

Samverustundir

Við erum með þrjár samverustundir á hverjum degi.

Kl 9:40

- Allir boðnir velkomnir
- Við förum yfir verkefni dagsins
- Við förum yfir hvernig veðrið er og hvernig best sé að klæða sig
- Stjarna vikunnar gerir sín verkefni.

Kl 11:00

- Leiki
- Söng

- Lestur
- Lubba

Kl 15:15

- Lestur
- Dans
- Saga

Árstíðarbundin verkefni

Vökudagaverkefni

Börnin munu sýna verk sín á Vökudögum, verk þeirra eru sýnd í Bónushúsinu.

Tannverndarvika

Í þessari viku leggjum við áherslu á fræðslu, umfjöllun og viðburði sem tengjast tönnum og tannheilsu. Tannverndarvikan er m.a. helguð því að hvetja foreldra til að bursta tennur barna sinn að lágmarki tvisvar sinnum á dag í tvær mínútur. Börn þurfa aðstoð við tannburstun til 10 ára aldurs.

Jólaverkstæði

Á elstu deildum í leikskólanum er hlustað á raddir og skoðanir barnanna í tengslum við jólagjöf þeirra til foreldra. Haldinn er fundur með hverju og einu barni og það spurt hvað það vilji gefa mömmu og pabba í jólagjöf og hvernig þau ætli að gera það og hvaða efnivið þau sjá fyrir sér að nota. Börnin vinna svo jólagjöfina sjálf með aðstoð kennara. Oft breytist hugmyndin einhvers staðar í ferlinu og það er bara skemmtilegt 😊. Allt er þetta skráð niður og myndað. Skráningar á vinnunni við jólagjafirnar gefa okkur einstakt tækifæri til að fylgjast með ferli hvers barns, frá því að það fær hugmynd og þar til hugmyndin er fullunnin.

Gamli tíminn

Eitt af hlutverkum leikskólans er að miðla menningararfinum til barnanna og leggja grunn að skilningi þeirra á einkennum okkar sem þjóð. „Að fortíð skal hyggja er framlegð skal

byggja” segir máltækið og kennir okkur að hver og einn verður að þekkja fortíð sína til að skilja þann tíma sem hann lifir á hverju sinni og geta út frá því tekið stefnu á framtíðina. Í tengslum við þórrann leggjum við áherslu á fræðslu, umfjöllun og viðburði sem tengjast lífinu á Íslandi í gamla daga.

Lýðræðisleg vinnubrögð

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Í Akraseli er unnið með samábyrgð, börn upplifa þýðingu sína og mikilvægi í samskiptum og á milli þeirra skapast umhyggja og traust. Mikilvægi kosninga, vals og skilningur á lýðræðislegum ákvörðunum gefur nýja nálgun í námi barnanna.

Lífsleikni

Börnin læra að:

- Skilja aðra og láta sér lynda við þá
- Leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- Kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi
- Ræða tilfinningar
- Æfa börn í að leysa úr vanda
- Kenna börnum aðferðir sem draga úr árásarhneigð

Unnið er með þrjá meginþætti:

- Upplifun
- Leysa úr vanda
- Sjálfstjórn

Sólblómaleikskóli

Elstu árgangar Akrasels, taka þátt í sólblómaverkefni SOS barnaorpanna. Þá styrkjum við eitt ákveðið barn í SOS Barnaorpi um 45.000 kr. á ári, eða ca. 600 kr. á barn í

leikskólanum á ári. Við styrkjum hann Moise sem er fæddur 16. Nóvember árið 2009. Moise býr á barnaheimili á Fílabeinsströndinni. Sett verður upp tafla á ganginn með mynd og upplýsingum um Moise og þar geta allir fylgst með honum og hversu mikinn pening við erum búin að safna. Börnin búa til bauk sem þau fara svo reglulega með í bankann.

Áhersla er lögð á að leikskólabörnin geti rætt um hvernig aðstæður SOS barnanna séu líkar/ólíkar þeirra eigin. Leikskólabörnin fræðast þannig um önnur lönd og aðra menningarheima og sjá hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja sjálf

Máltíðir

Góð næring skiptir miklu máli fyrir líðan barna og því er lögð áhersla á hollar neysluvenjur og góða samsetningu fæðunnar sem í boði er. Við leggjum áfram áherslu á að nota hnífapör, þá bæði hníf og gaffal. Börnin æfa sig í að skammta sér sjálf og ganga frá eftir matinn á matarvagninn. Börnin á Kletti borða öll saman á þar í svo kallaðri borðstofu. Þar sem börnin velja sér sjálf sæti og með hverjum þau vilja sitja.

Í leikskólanum er lögð áhersla á fjölbreyttan mat og hollan. Enginn hvítur sykur er notaður í matseld. Í morgunmat er í boði ýmist hafragrautur eða AB mjólk ásamt weetabix og Kornflakes einu sinni í viku. Misjafnt er hvað boðið er upp á sem meðlæti en það getur verið t.d. kanill, kókosmjöl, kakó, rúsínur, heimalagað eplamauk eða músli. Við hvetjum börnin til að smakka! Boðið er upp á Lýsi. Matseðill leikskólans hangir fyrir framan deildina.

Hreinlætisvenjur

Við munum halda áfram að æfa sjálfstæði barnanna á salerni og almennar hreinlætisvenjur. Við munum leggja mikla áherslu á handþvott.

Fataherbergi

Við leggjum áherslu á að gera börnin enn sjálfstæðari í fataherberginu. Efla þau í að klæða sig sjálf, renna upp og setja hlífðarbuxur utan yfir stígvél/kuldaskó. Þau æfa sig einnig í að ganga frá fötunum sínum í hólfín sín og ganga snyrtilega um fataherbergið.

Mikilvægt er að:

- ❖ Merkja föt og skó/stígvél barnanna vel
- ❖ Hafa **nóg** af aukafötum í kassanum og fylgjast með hvort þurfi að fylla á þá.
- ❖ Ganga þannig frá hólfín barnsins að það geti gengið um það sjálft, hengja öll föt upp og EKKI geyma stóra poka upp á kassa.
- ❖ Hafa **alltaf** stígvél, regngalla, húfu, vettlinga og þykka peysu á leikskólanum.
- ❖ Tæma allt úr hólfum á föstudögum

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er fyrir barnið að gott samstarf sé á milli foreldra og leikskóla. Við erum með töflu fyrir framan deildina þar sem við segjum frá því helsta sem við erum að gera.

Leikskólinn notast við leikskólakerfið Karellen. Foreldrar fá aðgang hjá deildarstjórum. Í gegnum Völu er hægt að hafa samskipti á milli leikskóla og foreldra. Einnig sjá foreldrar myndir úr starfi leikskólans í gegnum þetta kerfi.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti þar sem farið er yfir líðan barnsins og að vori þar sem farið er yfir þroskamat og líðan. Foreldraviðtölin á haustin eru val foreldra.

Foreldrum er alltaf velkomið að koma og tala við deildastjóra og aðra kennara ef það er eitthvað sem þeim finnst ábótavant eða eruð ánægðir með.

Veikindi

Það er gert ráð fyrir að börnin taki þátt í öllu starfi leikskólans úti sem inni. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veiku barni eða barni sem er að veikjast. Barn smitar mest þegar það er að veikjast. Útiveru er ekki sleppt nema í algjörum undantekningar tilvikum.

En boðið er upp á styttri útiveru, síðust/síðastur út og fyrst/fyrstur inn.

Í leikskóla er alltaf meiri hættu á smiti og útbreiðslu algengra umgangssjúkdóma. Ef barn veikist og fær hita, þarf það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa.

Leikföng að heiman

Leikföng að heiman er ekki æskileg á leikskólanum (það er ágætis regla að geyma slíkt í bílnum). Það getur skapað spennu, keppni og erfiðleika á milli barnanna ef þau eru að koma með dót. Starfsmenn bera ekki ábyrgð á hlutum/leikföngum sem er komið með. Í leikskólanum er að finna ýmis leikföng bæði hefðbundin og óhefðbudnin og það er skemmtilegt og örvandi fyrir barnið að fá annan efnivið í leikskólanum en það fær heima.

Praktísk atriði sem gott er að hafa í huga:

- ❖ Merkja föt og skó/stígvél barnanna vel
- ❖ Fylla á kassana þegar vantar í þá
- ❖ Tæma allt úr hólfum á föstudögum
- ❖ Tilkynna veikindi, símanúmer leikskólans eða deildarinnar
- ❖ Fylgja börnunum alla leið inn á deild
- ❖ Drepið á bílnum!! Ekki skilja bílana eftir í gangi fyrir utan leikskólann
- ❖ **Fara heim með stórar leikskólatöskur/poka**, kassarnir koma í staðinn fyrir töskurnar.
- ❖ Muna eftir útifötum, hlýjum peysum, regnfötum, vettlingum og ullarsokkum.
- ❖ Gefa sér tíma til að fara yfir óskilamuni
- ❖ **Alltaf loka hliðinu inn í garðinn (muna líka að krækja lykkjunni á sinn stað) og alls ekki láta börnin opna hliðin sjálf!**

Hlökkum til að vinna með börnunum ykkar í vetur og eiga ánægjulegt samstarf við ykkur foreldra.